

Viðauki 2 Staða viðskiptabanka og sex stærstu sparissjóða í verðbréfum

Þróun stöðu viðskiptabankanna¹ og sex stærstu sparissjóðanna í verðbréfum er greind fyrir tímabilið 1996-2003/6. Síðan er gerð nánari greining á því hvernig skipting verðbréfastöðunnar hefur verið á milli fjárfestingar- og veltubókar. Við þá greiningu var eingöngu litið á þrjá stærstu viðskiptabankana, þ.e. Íslandsbanka hf., Kaupþing Búnaðarbanka hf.² og Landsbanka Íslands hf. Litið er á niðurstöður í lok árána 2000-2002 og síðustu stöðu samkvæmt sex mánaða uppgjöri ársins 2003. Greiningunni er skipt upp annars vegar í stöðu í hlutabréfum og hins vegar stöðu í skuldabréfum.


Staða í hlutabréfum

Mikil umræða hefur verið að undanfögnu um eignarhluta viðskiptabanka í öðrum fyrirtækjum. Eignarhald banka á öðrum fyrirtækjum getur verið á ýmsa vegu en ef miðað er við reglur um ársreikninga lánastofnana, nr. 692/2001, með síðari breytingum, má í aðalatriðum skipta eignarhaldinu í fjóra flokka:

- *Tengd fyrirtæki* en það eru dótturfyrirtæki stofnunar, móðurfyrirtæki hennar eða systurfyrirtæki (þ.e. fyrirtæki undir sama móðurfyrirtæki). Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess eru kölluð samstæða.
- *Hlutdeildarfyrirtæki* er ekki dótturfyrirtæki, en viðkomandi stofnun og eftir atvikum dótturfyrirtæki hennar eiga hvort/hvert fyrir sig eða sameiginlega hlut í og hafa áhrif á stjórn þess. Eigi stofnun og eftir atvikum dótturfyrirtæki hennar, a.m.k. 20% atkvæða í fyrirtækinu telst stofnunin hafa áhrif á stjórn þess.
- *Fjárfestingarhlutabréf* eru hlutabréf sem stofnun hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum eða tengdum fyrirtækjum.

- *Veltuhlutabréf* eru hlutabréf sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda þeim til varanlegrar eignar í rekstri. Hér er því m.a. um að ræða skammtímastöðutöku í öðrum fyrirtækjum, eign vegna viðskiptavakahlutverks og mótvægi gagnvart afleiðusamningum sem gerðir hafa verið við viðskiptavini.


Í þessum viðauka verður ekki fjallað sérstaklega um tengd fyrirtæki³ og hlutdeildarfyrirtæki⁴ en þó er hægt að segja að töluverð aukning hafi orðið á fjölda þessara fyrirtækja á undanfögnu árum og þá einna helst vegna útrásar viðskiptabankanna.⁵ Staða viðskiptabankanna og sex stærstu sparissjóðanna í hlutabréfum (þ.e. veltu- og fjárfestingarbréfum) hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum. Árið 1996 var staða þeirra í hlutabréfum um 2,3 ma.kr. en í síðasta sex mánaða uppgjöri var staðan orðin um 59,4 ma.kr. en náði þó hámarki í árslok 2001 þegar hún var ríflega 68,2 ma.kr. Á mynd 1 má sjá þróun hlutabréfastöðunnar í ma.kr. og í hlutfalli af eigin fé.



1. Kaupþing banki hf., áður Kaupþing hf. auk FBA hf. eru líka teknir inn í tölurnar fyrir viðskiptabankana fyrir árin 1996-2002.
2. Vegna árána 2000-2002 verður litið á Kaupþing banka hf. og Búnaðarbanka hf. sem einn banka.

3. Hér er t.d. um að ræða erlend dótturfélög bankanna eins og t.d. Kaupþing Bank Sverige, R. Raphael & Sons og Heritable Bank auk fjölmargra annarra.
4. T.d. eignarhlutur bankanna í Reiknistofu bankanna o.fl. fyrirtækjum.
5. Hér hafa þó orðið undantekningar, t.d. hafa bæði Glitnir og VÍB sem áður voru dótturfyrirtæki Íslandsbanka hf. verið tekin inn í móðurfélagið að miklu eða öllu leyti.

Sömu þróun má greina hjá viðskiptabönkunum og sex stærstu sparisjóðunum þó að á árinu 1998 hafi hlutfall hlutabréfastöðunnar af eigin fé viðskiptabankanna⁶ farið upp fyrir hlutfall sex stærstu sparisjóðanna og vaxið síðan hraðar. Hlutabréfastaða sex stærstu sparisjóðanna tók stórt stökk árið 2000 en þá færðu sparisjóðirnir m.a. eignarhluta sinn í Kaupþingi hf. yfir í veltu- og fjárfestingarbækur á markaðsvirði sem fjallað hefur verið um í fyrri greinum um stöðugleika fjármálakerfisins.⁷ Hlutfall hlutabréfastöðu viðskiptabankanna af eigin fé fór yfir 100% í árslok 2001 lækkaði svo skyndilega á árinu 2002 en hefur verið að stíga aftur á þessu ári. Ljóst er að markaðsáhætta bankakerfisins hefur aukist á undanförunum árum en þó verður að slá þann varnagla að hluti þessarar hlutabréfastöðu er vegna afleiðusamninga sem gerðir hafa verið við viðskiptavinum. Því er áhugavert að skoða hvernig hlutabréfastaðan skiptist á milli veltu- og fjárfestingarbókar. Á mynd 2 má sjá þessa skiptingu fyrir viðskiptabankana á árunum 2000-2003/6.




Staða í fjárfestingarhlutabréfum hefur greinilega minnkað á síðustu árum en að sama skapi hefur eigin staða í veltubók aukist. Ef skoðað er hlutfall eigin stöðu í veltubók af heildarveltubókarstöðu má sjá að það var um 75% árið 2001 en hefur hækkað og var

6. Hér verður að taka tillit til þess að Kaupþing hf. og FBA hf. eru inni í tölunum.
7. Segja má að um einhverja tvítalningu sé að ræða á þeim árum þar sem sparisjóðirnir færa eignarhluta sinn í Kaupþingi hf. á markaðsvirði og Kaupþing hf. sjálft er líka inni í tölunum.

um mitt ár 2003 ríflega 85%. Stöðutaka bankanna sjálfra í hlutabréfum hefur því greinilega verið að aukast á síðustu árum.

Á mynd 3 má sjá hvernig hlutabréfastaða viðskiptabankanna skiptist á milli skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands, annarra skráðra hlutabréfa og svo óskráðra bréfa. Ríflega fjórðungur stöðunnar í hlutabréfum var í óskráðum bréfum á árunum 2000 til 2003/6 að jafnaði. Um mitt ár voru um 13 ma.kr. í óskráðum hlutabréfum hjá viðskiptabönkunum.

Ekki liggur fyrir níu mánaða uppgjör nema tveggja af fjórum viðskiptabönkunum, þ.e. Íslandsbanka hf. og Landsbanka Íslands hf. Ef staðan þar er borin saman við sex mánaða uppgjör má sjá að staða í hlutabréfum hefur aukist töluvert. Hlutabréfastaða Landsbanka Íslands hf. hækkaði um ríflega 5,8 ma.kr. á tímabilinu og var aukningin nær eingöngu í veltuhlutabréfum skráðum í Kauphöll Íslands eða um 5,5 ma.kr. Hlutabréfastaða Íslandsbanka hf. hækkaði þó mun minna eða um ríflega 1 ma.kr. en eignarhluturinn í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. var færður sem eignarhlutur í tengdum félögum og var bókfært verð hans ríflega 8,4 ma.kr. í níu mánaða uppgjörinu.⁸




Staða í skuldabréfum

Á mynd 4 má sjá að staða viðskiptabanka og sex stærstu sparisjóðanna í skuldabréfum, þ.e. í veltu- og fjárfestingarbók hefur vaxið á síðustu árum og var um mitt þetta ár ríflega 158 ma.kr.

8. Þetta var um 44,8% eignarhlutur en þegar þetta var ritað var eignarhlutur Íslandsbanka hf. kominn yfir 90%.

Mynd 4

Þróun skuldabréfastöðu viðskiptabanka og sex stærstu sparisjóða 1996-2003




Sem hlutfall af eigin fé náði skuldabréfastaðan hámarki árið 1998 hjá sex stærstu sparisjóðunum lækkaði þá fram til ársins 2000 en hefur hækkað síðan þá. Þótt hlutfallið hafi lækkað frá 1998 minnkaði staða þeirra í skuldabréfum ekki í krónum talið, heldur má leita skýringa í töluverðri aukningu eigin fjár á þessum tíma. Hjá viðskiptabönkunum hefur staðan í skuldabréfum vaxið ár frá ári þótt lítil aukning hafi orðið á milli árunna 1999 og 2000. Gífurleg aukning hefur þó orðið í skuldabréfastöðu viðskiptabankanna frá síðustu áramótum fram til sex mánaða uppgjörsins. Aukninguna má að einhverju leyti rekja til lækkaðri ávöxtunarkröfu en einnig til aukinnar stöðutöku viðskiptamanna bankanna í gegnum afleiðusamninga. Að einhverju leyti hefur þessi aukning verið rakinn til erlendra fjárfesta.

Staða í fjárfestingarbók dróst jafnt og þétt saman og var um 3 ma.kr. í síðasta hálfársuppgjöri á meðan

Mynd 5

Skuldabréfastaða viðskiptabanka 2000 - 2003¹




1. Ekki lágu fyrir tölur fyrir alla banka um mótstöðu vegna afleiðusamninga árið 2000, því er hluti eigin stöðu á því ári einnig vegna viðskiptavina. Heimild: Árs- og árs hlutareikningar bankanna.

eigin staða í veltubók og mótstaða vegna afleiðusamninga viðskiptamanna óx gríðarlega á síðustu tveimur árum og var samtals um 141 ma.kr. í síðasta sex mánaða uppgjöri. Áhugavert er að sjá að minna en 50% af veltubókarstöðunni í skuldabréfum tilheyrði eigin stöðu viðskiptabankanna um mitt þetta ár og því er ljóst að afleiðumarkaður þar sem skuldabréf eru undirliggjandi eign hefur vaxið afar mikið á undanförunum árum. Það er því spurning hvenær þessi viðskipti verða gerð sýnilegri og afleiðusamningar á skuldabréfum verða skráðir í kauphöll. Það ætti að auka dýpt íslensks skuldabréfamarkaðar enn meir og vekja frekari áhuga erlendra fjárfesta.

Meirihluti skuldabréfastöðunnar var í bréfum sem skráð voru í Kauphöll Íslands. Þetta hlutfall hefur þó lækkað frá árinu 2000 þegar það var ríflega 93% niður í ríflega 80% um mitt þetta ár. Hlutfall annarra skráðra skuldabréfa jókst á sama tímabili og fór frá því að vera um 3,4% upp í ríflega 13,2%.

Mynd 6

Skipting veltu- og fjárfestingarskuldabréfastöðu viðskiptabanka 2000-2003



Niðurstaða

Ljóst má vera af því sem að ofan greinir að áhætta viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóðanna hefur aukist á undanförunum árum með aukinni þátttöku þeirra á verðbréfamörkuðum og sést það vel í síðasta sex mánaða uppgjöri viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóðanna þar sem 24% af tekjum þeirra⁹

9. Þ.e. hlutfall tekna af hlutabréfum og eignarhlutum auk gengishagnaðar af annarri fjármálastarfsemi af samanlögðum nettó vaxtatekjum, nettó þjónustutekjum, tekjum af hlutabréfum og eignarhlutum, og gengishagnaði af annarri fjármálastarfsemi.

komu af tekjum af hlutabréfum og eignarhlutum auk gengishagnaðar af annarri fjármálastarfsemi samantborið við ríflega 9% árið 1996.¹⁰ Forvitnilegt er að sjá hversu stór staða viðskiptabankanna í skráðum verðbréfum í Kauphöll Íslands var af markaðsverðmæti verðbréfa í Kauphöllinni. Staða bankanna í skráðum skuldabréfum var mun hærra hlutfall af heildarverðmæti skráðra skuldabréfa í Kauphöllinni¹¹ en staða þeirra í skráðum hlutabréfum eins og sjá má á mynd 7. Þar sem stór hluti stöðu bankanna í verðbréfum er vegna mótvægis við afleiðusamninga viðskiptamanna þeirra má telja æskilegt að afleiðuviðskipti verði gerð sýnilegri með því að Kauphöll Íslands hefji skráningu og viðskipti með slíka samninga.

